

Sp.

245. Tillaga til þingsályktunar

[125. mál]

um stöðvun útvarpsrekstrar á Keflavíkurflugvelli.

Flm.: Jónas Arnason, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stöðva rekstur bandarísku útvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli.

Greinargerð.

„Radio Station TSK“ tók til starfa síðastliðinn fimmtudag, bandarísk útvarpsstöð á Íslandi. Þetta er litil stöð til að byrja með, aðeins 25 vött. En sendikrafturinn verður fljótlega aukinn upp í 100 vött, og þá mun heyrast vel í stöðinni hér um allt Suðvesturland, og sennilega víðar.

Þessari stofnun útvarpsstöðvar á Keflavíkurflugvelli hefur verið fagnað sums staðar, m. a. frá því sjónarmiði, að nú muni hermönnunum reynast léttbærara lífið hér í framandi landi; málið með öðrum orðum túlkað sem æskileg og raunar bráðnauðsynleg ráðstöfun til að lægja heimþrána í vissum hópi manna. Það skal ekki dregið í efa, að stríðsmenn þessir kunni að verða dálítið viðkvæmir á sálinni af langdvölum á þeim stað, þar sem brunahraun Reykjaness blasir við í öllum áttum; þó að slíkt hafi lítið tekið á taugar Suðurnesjamanna hingað til; enda ólíku saman að jafna, hinir fyrrnefndu sjálfsgagt flestir upprunnir í blómlöndum blíðrar veðráttu, hinir síðarnefndu fæddir á hrjóstugri strönd, þar sem ríkt hefur öllu ofar boðorðið um að sækja úfinn sjóinn, og sækja hann fast. Heimþrá hinna bandarísku á Keflavíkurflugvelli er sem sé án efa ómótmælanleg staðreynd, og eins og allt er í pottinn búið, þá mun því miður tilgangslaust að benda þeim á það, sem ætíð hefur reynzt óbrigðult ráð við heimþrá: að fara bara heim. En þar með er ekki sagt, að stofnun útvarpsstöðvar á Keflavíkurflugvelli sé ráðstöfun, sem ekki verði hjá komizt. Fjölmargar útvarpsstöðvar í ættlandi þessara manna eru svo sterkar, að þær ná saman með sendingar sínar kringum hnöttinn, og vel það; þar að auki starfrækir bandaríski herinn í Þýskalandi sérstakar útvarpsstöðvar, sem ná hingað norður með dagskrárefni sitt; og margt fleira slíkt mætti til telja; ef hermenn Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli þurfa endilega að lægja í sér heimþrána með því að hlusta á útvarp, þá hafa þeir frá byrjun haft hin ágætustu skilyrði til þess; nýja stöðin á vellinum breytir þar engu um; hún er á engan hátt líkleg til að sjá hermönnunum fyrir kröftugri lækningaskömmtum gegn heimþrá heldur en til dæmis þær fullkomnar útvarpsstöðvar, sem starfandi eru í sjálfum áttögum þeirra, í Bandaríkjunum.

En þó að heimþráin á Keflavíkurflugvelli muni þannig að öllum líkindum standa í stað, þrátt fyrir þessa ráðstöfun, er þá ekki samt sem áður ástæðulaust að amast við bandarískum útvarpssendingum þaðan? Er þetta ekki bara ólund og sérvizka, skortur á heilbrigðu frjálsslyndi, slettirekuskapur í garð vinsamlegrar þjóðar, sem leggur á sig langdvalir í norðlægum brunahraunum til að berjast fyrir alls konar merkilegum hugsjónum? — Reynslan af rekstri hermannaútvarps hér á stríðsárunum svarar m. a. þessum spurningum.

Það var fastur liður í dagskrá þess útvarps að tilkynna dansleiki hermanna, hvar þeir yrðu haldnir og hvenær, hvílikar dásemdir skemmtana þar yrðu á boðstólum í veitingum og músikk, stundum frægir spilarar frá sjálfri New York, allt ókeypis fyrir íslenskar stúlkur, sem vildu koma. Ungar stúlkur velkomnar, á þetta atriði var ætíð lögð sérstök áherzla; enda mun ekki ofmælt, að útvarp þetta hafi verið ein hin rammasta þeirra tauga, sem drógu stúlkurnar burt úr siðferðilegri umhyggju föðurtúna, inn í meira og minna spillandi samkvæmi hermannaþrægganna. — Til þess bendir ekkert, að nýtt hermannaútvarp á Íslandi muni láta hjá líða að ástunda þennan þátt í starfsemi þess gamla; þeir hermenn, sem nú dveljast í landinu, hafa í engu tilliti sýnt minni hug á að komast í kynni við íslenskar stúlkur heldur en þeir, sem hér dvöldust á stríðsárunum. Og þó ekki væri fyrir aðra sök en þessa, þá er strax ærin ástæða til þess fyrir Íslendinga að beita sér gegn starfrækslu útvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. — Nú er mikið — og ekki að ófyrirsynju — rætt um nauðsyn þess, að ungar stúlkur séu verndaðar gegn þeirri hættu á siðferðilegri óhollustu, sem þeim er búin, ef þær láta lokkast í félagsskap hermanna. Allt slíkt tal hlýti að teljast óeinlægt í hæsta máta, ef um leið yrði látið gott heita, að starfrækt er hermannaútvarp á Keflavíkurflugvelli. Það væri sama og að hafa uppi stór orð um ógnir skæðrar pestar, en hirða þó ekki um sóttvarnir.

En hér kemur fleira til greina, og ekki afdrifaminna. — Þegar blöð sögðu frá því, að í uppsiglingu væri stofnun útvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli, þá hófust hringingar miklar á símalínunum íslenskra ríkisútvarpsins, og hlóðust ákafar spurningar á þá, sem önzudu, allar sama efnis: hvenær tæki hermannastöðin til starfa? — Það var unga fólkið í Reykjavík, sem hringdi. Ákafi þess mun eflaust í mörgum dæmum hafa orsakast af þeirri gagnrýnislausu Bandaríkjadýrkun, sem ungu fólki hefur á seinni árum leynt og ljóst verið boðuð af ýmsum aðilum, einkum þó bíóhúsum og ríkisstjórninni. En undir málið gengur þó einnig sú staðreynd, að í augum unga fólksins er starfsemi íslenskra útvarpsins leiðinlegt fyrirbæri; það nennir ekki að fylgjast með dagskrá þess, heldur þvert á móti forðast hana, eins og erfiðan kross, líkjandi við þurrt og óaðlaðandi skólanám. Og hjá bandarísku útvarpsstöðinni á þetta unga fólk von á að finna það fjör og þann auðmelta skemmtikost, sem það telur sig skorta hjá þeirri íslensku. — Ástæðan til þessarar afstöðu unga fólksins gagnvart útvarpinu okkar er eflaust ekki sízt sú, að fast er horft á galla, en fram hjá lítið kostum. Þó mun hún hafa við nokkur rök að styðjast; íslenska útvarpið hefur sennilega ekki gætt þess eins og skyldi að búa svo dagskrá sína, að hún mætti ná eyrum unga fólksins. En sé í þessum efnum einhverra umbóta þörf, þá er það einskis aðila hlutverk annars en íslenskra ríkisútvarpsins að gangast fyrir þeim. Útlendingar eiga hvergi nærri að koma um það, hversu miklu af tíma sínum ungir Íslendingar verja til að hlusta á útvarp.

En eins og fyrr var að vikið, þá bendir nú allt til þess, að stór hluti unga fólksins — að minnsta kosti hér í Reykjavík og nágrenni — muni algerlega hætta að hlusta á sitt eigið útvarp, en sitja þeim mun lengur við dagskrá þess bandaríska. Og hvers konar andleg næring mun því þar tilreidd? — Fyrri flm. þessarar tillögu hafði um eitt skeið aðstöðu til að kynnast allvel dagskrárefni bandarískra útvarpsstöðva. Ásamt léttri dægurlagamúsikk og tiltölulega saklausum skritluskap er meginuppistaða þess ýmiss konar afleitir leikþættir, reyfarar af því tagi, sem Íslendingar hafa kynnt nokkuð í svonefndum „hasar“-blöðum bandarískum. Þegar 1. flm. vissi seinast til, voru tveir furðulegir ævintýramenn einna vinsælastar hetjur þessara þátta og virtust eiga sér langt líf fyrir höndum, gekk annar undir nafninu Lone Ranger, kúreki, sem fékkst raunar meira við að skjóta fólk en hirða kýr, hinn Dick Tracy, lögregluspjari, sem atvinnu sinnar vegna umgekkst fátt annað fólk en glæpahyski.

Margir þykjast nú sjá þess merki, að æskulýður höfuðborgarinnar hirði lítt um þjóðlegan uppruna sinn, og tiltaka það dæmi meðal annarra, að þegar þeir komi inn í sjoppurnar svokölluðu, þar sem æskulýðurinn hefst einkum við í tómstund-

um sínum, þá finnst þeim eins og þeir séu skyndilega staddir meðal framandi þjóðar. Eru þeir að vonum uggandi nokkuð um framtíð íslenzkrar menningar í höndum slíks fólks. Harma það réttilega, að æskulýðurinn skuli ekki finna hjá sér hvöt til að nema þau fræði, sem verið hafa yndi og líf þeirra kynslóða, sem á undan honum eru gengnar; þessu fólki væri til dæmis sæmra að sitja heima og fylgjast með lestri fornrita í útvarpinu heldur en að eyða hverju kvöldi í andleysi og menningarleysi sjoppunnar. — Flutningsmönnum þessarar tillögu er fyllilega ljós hætta sú, sem þarna er á ferðum. En þeim þykir alls ekki örvænt um, að afstýra megi henni. Þessi æskulýður er hvergi nærri týndur og tröllum gefinn í þjóðlegu tilliti. Sá tími þarf ekki að vera langt undan, að hann setjist aftur á menningarpall með eldri kynslóðinni, til að heyra lesin fornritin okkar. En til þess að svo geti orðið, verða allir góðir kraftar að sameinast um aðgerðir til úrbóta. Og fyrsta skilyrðið er, að áhrifamenn þjóðarinnar hætti að láta reka á reiðanum í þessum efnunum. Æskulýður höfuðborgarinnar er ærið illa á vegi staddur meðan hann lætur við það sitja að forsmá fornritin okkar og önnur þjóðleg verðmæti; en þá fyrst verður fullkomin vá fyrir dyrum, þegar hann hefur tileinkað sér útlenda reyfarabætti í stað þessara verðmæta, þegar í staðinn fyrir Gunnar á Hlíðarenda er kominn Lone Ranger, í staðinn fyrir Njál á Bergþórshvoli Dick Tracy. — Vegna hinna miklu menntasetra og margvíslegra skóla dvelst meir en helmingur alls íslenzks æskulýðs í Reykjavík og nágrenni hennar mestan hluta ársins. Reykjavík má þannig með réttu kallast festarklettur menningar okkar. Og það er komin sprunga í klettinn. Og í þessa sprungu er nú rekinn fleinn á flein ofan. Einn þeirra er stofnun bandarísku útvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Og ef þann veg heldur áfram sem stefnt hefur, hlýtur að fara svo um síðir, að kletturinn klofni, menning okkar losni upp, og þjóðarnafnið Íslendingar hverfi í hafrót miskunnarlausrar stórveldisstefnu, til að gleymast.

Enn þá hefur þó ekkert verið minnzt á það atriði, sem frá sjónarmiði löggjafans er ef til vill þýðingarmest í málinu: Stofnun útvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli er algert brot á íslenzkum lögum. Í lögum nr. 68 frá 28. des. 1934 stendur þessi skýra og skorinorða setning: „**Ríkisstjórnin hefur einkarétt til að reka útvarp á Íslandi.**“ Og svo strangt er auk þess á kveðið, að orkuaukning ríkisútvarpsins og bygging endurvarpsstöðva er jafnvel óleyfileg án samþykkis Alþingis. — Það er vissulega ekki skemmtilegt afspurnar, að Alþingi skuli þurfa að gera ríkisstjórninni sérstaka áminningu um að gæta íslenzkra laga og réttar. En því miður virðist slíks nú meiri þörf en svo, að kyrrt megi liggja. Alþingi hlýtur að leggja áherzlu á, að til þess setur það lögin, að þau séu haldin. Hér gildir einu, hvort útlendingar eiga í hlut eða Íslendingar. Lög eru lög á Íslandi.

Í skyldu máli þessu hefur því verið haldið fram, að krafan um skilyrðislauslausa virðingu fyrir ísl. lögum væri til þess gerð að hafa í frammi ókurteisi við vinnuþjóð og nota til áróðurs gegn henni. Slík afstaða frjálsra manna er óskiljanleg. Hún er ekki einu sinni líkleg til að hækka hlut þeirra í augum viðkomandi þjóðar. Því að það vex enginn af því að láta traðka á rétti sínum. Og það getur ekki verið ókurteisi við neinn að ganga uppréttur.